

## Athugasemd við Fjármálaáætlun 2018 - 2022

402. mál, 146. löggjafarþing - þingsályktunartillaga

Undirritaður vill koma á framfæri athugasemdum við stefnumörkun um barnabætur sem fram kemur í þingsályktunartillögunni. Þessi stefnumörkun byggist nefnilega á þeirri meinlegu ranghugmynd að barnabætur eigi eingöngu og alfarið að vera framfærslustyrkur til fátækra barnafjölskyldna, en horft er framhá því meginhlutverki barnabótanna að vera skattaleg aðferð til þess að gera greinarmun á skattlagningu foreldra ungra barna og hinna sem ekki hafa (lengur) fyrir börnum að sjá, en það er réttlætismál þar sem þeir fyrrnefndu hafa vegna meiri framfærslukostnaðar augljóslega minni greiðslugetu til að standa undir skattgreiðslum.

Áætlunin er kynnt þannig af ráðuneytinu að á næstu árum verði „*sérstök áhersla á uppbyggingu innviða og eflingu velferðarkerfisins.*“ Það vekur hinsvegar athygli að þrátt fyrir yfirlýsingu um eflingu velferðarkerfisins eiga „félagslegar tilfærslur til heimila“ samkvæmt áætluninni einungis að aukast um 8,3% á tímabilinu, meðan heildartekjur eiga að aukast um 19,3% og rekstrarútgjöld um 17,8% (tafla á bls. 3). - Með félagslegum tilfærslum til heimila mun einkum vera átt við barnabætur og vaxtabætur.

Á bls. 70 segir síðan um barnabæturnar: „... *miðað er við það í áætluninni að framlög til barnabóta haldist óbreytt að raunvirði yfir tímabilið en umfang þess (sic) er tæplega 11 ma.kr. árlega. Þá er stefnt að því að einfalda og gera barnabótakerfið skilvirkara ....*“

Á bls. 327 er svo gerð nánari grein fyrir því sem þarna býr að baki: „*Helstu áskoranir málaflokksins eru að gera barnabótakerfið markvissara gagnvart fjölskyldum með lágar tekjur, jafnframt því að bæta kjör þeirra barnafjölskyldna sem lægstar tekjur hafa. Að mati sérfræðinga Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) er veruleg þörf á endurskoðun á barnabótakerfinu í átt til einföldunar, auk þess að beina bótunum í auknum mæli til lágtekjuheimila. Kemur þetta fram í niðurstöðum úttektar á tekjuskattlagningu einstaklinga og á barna- og vaxtabótakerfunum sem unnin var af AGS árið 2015, að beiðni fjármála- og efnahagsráðherra. Í því sambandi þarf að hefja heildstæða skoðun á stuðningi við barnafjölskyldur þannig að hugsanlega komi ein tegund barnabóta í stað almennra barnabóta, barnatífeyris almannatrygginga, mæðralauna, barnabóta atvinnuleysistryggingakerfisins auk annarra bóta frá ríki til barnafjölskyldna.*“

Af þessari lesningu verður ljóst að þarna eru á ferðinni hugmyndir um grundvallar-breytingar sem varða velferð og hagi ungs fólks og barnafjölskyldna. Athyglivert er að ekki er að finna neina vísbendingu um þessi áform í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar, og fullyrða má að enginn íslenskur stjórnmalaflokkur hafi nokkru sinni haft breytingar í þessa veru á stefnuskrá sinni. Það er því Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn einn sem á höfundarréttinn að þessum hugmyndum, sem nú stendur til að láta Alþingi leggja blessun sína yfir án þess

að nokkur umræða hafi farið fram um grundvallaratriði málsins. En óhætt er að fullyrða að sjóðurinn hefði aldrei vogað sér að leggja það til við neitt annað af velferðarsamfélögnum í okkar heimshluta að almennum barnabótum skattkerfisins yrði breytt í hreina fátækra-hjálp.

Á Norðurlöndunum, í Þýskalandi og víðar ríkir annar skilningur á eðli og tilgangi barnabóta, sem reyndar eru hvergi kenndar við „bætur“ nema hjá okkur. Þar er litið á „barnagreiðsluna“ sem aðferð til að taka tillit til meiri framfærslukostnaðar hjá barnafólkinu, - með því að greiða foreldrum til baka hluta af skattinum sem búið var að taka af þeim. Barnagreiðslan þjónar því hliðstæðum tilgangi og persónuafslátturinn hjá þeim fullorðnu, en eins og allir vita hafa allir fullorðnir jafnmikinn persónuafslátt. Þessvegna eru barnagreiðslurnar á Norðurlöndum og í Þýskalandi líka þær sömu fyrir öll börn, óháð tekjum foreldranna.


Væri það nefnilega þannig að sumir foreldrar fengju engar barnabætur vegna „of hárra“ tekna, - eins og margir verða fyrir hér á landi, - þá væri enginn munur á sköttum þeirra og sköttum barnlauss fólks með sömu tekjur. Ríkið tæki þá ekkert tillit til þess í skattheimtunni að barnafjölskyldan þarf meira fé sér til lífsviðurværis en sú barnlausa.

Tekist var á um þessa hluti fyrir dómstólum í Þýskaland fyrir rúmum aldarfjórðungi. Þá var við lýði tekjutenging „Kindergeldes,“ en borgari nokkur og fjölskyldufaðir kærði skattlagningu sína og taldi ekki tekið nægjanlegt tillit til framfærslukostnaðar barnanna í skattinum. Málið fór alla leið fyrir stjórnlagadómstól landsins, sem úrskurðaði 29. maí 1990 að tekjutenging Kindergeldes væri brot á 3. og 6. gr. stjórnarskrárinnar<sup>1</sup>, sem bæri að túlka þannig að „lágmarksframfærslukostnaður einstaklinga og fjölskyldna yrði að vera tekjuskattsfrjáls,“ - einungis mætti skattleggja þær tekjur sem þar væru umfram. Því yrði alltaf að taka tillit til þess í skattlagningunni hvort börn væru á framfæri eða ekki, - hvort heldur væri neðarlega eða ofarlega í tekjustiganum.

Frá þessum tíma hefur Kindergeld í Þýskalandi verið ótekjutengt og öllum þar er ljóst að annað væri brot á stjórnarskránni. Barnagreiðslur á Norðurlöndum eru líka ótekjutengdar, eins og t.d. þeir Íslendingar sem flutt hafa til Noregs á undanförunum árum hafa orðið varir við, og að baki því liggur sama hugsun og í Þýskalandi.

Við eigum að taka frændur okkar á Norðurlöndum og Þjóðverja til fyrirmyndar í þessu sem mörgu öðru en hafna algerlega þessum fráleitu tillögum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Miklu fremur ættum við að stefna að því að afnema tekjutengingu barnabóta, - það er réttlætismál og myndi verða mikilvæg kjarabót fyrir allan þorra barnafjölskyldna, og þá þyldum við að þessu leyti samanburð við hin Norðurlöndin.

Virðingarfyllst,



Finnur Birgisson  
finnur.ark@simnet.is

<sup>1)</sup> 3. greinin er jafnræðisreglan, 6. greinin er um skyldu ríkisins til að veita fjölskyldu og hjónabandi sérstaka vernd.